



AUKIN EFNISTAKA Í LANDI SÚLUHOLTS OG SÚLUHOLTSHJÁLEIGU

Matsskyldufyrirspurn

22.10.2025



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

110873-FUM-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/32

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUÐA

Helgi Sigurðsson

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Anna Rut Arnardóttir

LYKILORÐ

Tilkynning, matsskylda, mat á umhverfisáhrifum, efnistaka, Súluholt, Súluholtshjáleiga.

STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Drög
☐ Drög til yfirlustrar
☒ Lokið

DREIFING

- ☒ Opin
☐ Dreifing með leyfi verkkaupa
☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Aukin efnistaka í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu - Matsskyldufyrirspurn

VERKHEITI

Aukin efnistaka í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu - Matsskyldufyrirspurn

VERKKAUÐI

Súluholt ehf

HÖFUNDUR

Aron Geir Eggertsson, Anna Rut Arnardóttir

ÚTDRÁTTUR

Súluholt ehf. áætla stækkun á námu í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu sem nemur um 349.000 m³. Náman er staðsett í Flóahreppi, um 10 km suðaustur af Selfossi. Efnisvinnsla hefur farið fram á svæðinu og má áætla að þegar hafi verið unnið um 150.000 m³ (12 ha) af efni á svæðinu. Svæðið hefur jafnframt verið notað sem móttaka fyrir mold.

Náman hefur ekki farið í gegnum hefðbundið umhverfismatsferli og því nær fyrirspurn þessi til þeirrar efnisvinnslu sem áður hefur farið fram auk fyrirhugaðrar stækkunar. Þetta samsvarar um 499.000 m³ efnistöku á um 16 ha landi.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt tölulið 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Óska námuhafar hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort lýst framkvæmd sé matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Aron Geir Eggertsson	23.9.25	Anna Rut Arnardóttir	23.9.25	Aron Geir Eggertsson	23.9.25
		23.9.25	Helgi Sigurðsson	1.10.25	Anna Rut Arnardóttir	2.10.25

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	7
2	FRAMKVÆMDIN OG FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	10
2.1	Helstu upplýsingar um framkvæmdina	10
2.2	Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið	10
2.3	Helstu framkvæmdaþættir	10
2.4	Fyrri vinnsla	11
2.5	Framkvæmdaratími	11
2.6	Staðsetning og staðhættir	11
2.7	Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir og aðrar opinberar stefnur	11
2.8	Leyfi sem framkvæmdin er háð	12
3	HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR	13
3.1	Matsskylda framkvæmdar	13
3.2	Umhverfispættir	15
3.3	Vistgerðir og gróðurfar	15
3.3.1	Niðurstaða	19
3.4	Fuglar	19
3.4.1	Niðurstaða	19
3.5	Jarðmyndanir	20
3.5.1	Niðurstaða	22
3.6	Fornminjar	22
3.6.1	Niðurstaða	22
3.7	Ásýnd, landslag og núverandi landnotkun	22
3.7.1	Niðurstaða	24
3.8	Samgöngur og umferð	24
3.8.1	Niðurstaða	25
3.9	Vatnshlot	25
3.9.1	Niðurstaða	28
4	SAMANTEKT	29
5	HEIMILDARSKRÁ	31

MYNDASKRÁ

MYND 1.1	Fyrirhuguð staðsetning framkvæmdar. Framkvæmdarsvæðið er merkt með rauðum hring.	8
MYND 1.2	Yfirlitsmynd af framkvæmdarsvæðinu. Afmörkun þess er gróflega merkt með rauðu og tekur mið af fyrirhugaðri stækkun.	9
MYND 2.1	Skjáskot úr aðalskipulagi Flóahrepps.	12
MYND 3.1	Vistgerðir innan áhrifasvæðis, skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands [2].	15
MYND 3.2	Mynd tekin úr Súluholtsnámu.	17
MYND 3.3	Mynd úr Súluholtsnámu. Myndin horfir yfir svæði sem hefur verið fyllt í.	17
MYND 3.4	Mynd úr Súluholtsnámu. Horft er í klapparnámu.	18
MYND 3.5	Horft til norðurs yfir námusvæði í landi Súluholtshjáleigu.	18
MYND 3.6	Útbreiðsla nútímahrauns og útmörk framkvæmdarsvæðis. Nútímahraun er táknað með gulri möskvapekju en útmörk námusvæðis með rauðum línum.	21
MYND 3.7	Horft til vesturs frá Önundarholtsvegi. Beggja vegna vegar sjást núverandi efnistökusvæði.	23
MYND 3.8	Náma í landi Súluholtshjáleigu, horft til austurs.	23
MYND 3.9	Klapparnám í landi Súluholts.	24
MYND 3.10	Svæði sem þegar hefur verið fullunnið í landi Súluholtshjáleigu og gert er ráð fyrir að verði fyllt upp í með jarðefnum. Horft frá Önundarholtsvegi til vesturs.	24
MYND 3.11	Útmörk grunnvatnshlotsins <i>Villingaholt</i> . Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er gróflega merkt inn á myndina með rauðum hring. Myndin er skjáskot úr Vatnavefsjá [9].	26
MYND 3.12	Yfirlit yfir þau skref sem þarf að fylgja við mat á áhrifum framkvæmdar/starfsemi á vatnshlot. Sótt úr leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um áhrifamat fyrir vatnshlot [10].	27

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 2.1	Upplýsingar og skilmálar um svæðið samkvæmt aðalskipulagi.	11
TAFLA 3.1	Skilgreiningar á einkennum umhverfisáhrifa.	13
TAFLA 3.2	Hugtök yfir vægi áhrifa sem stuðst er við þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda.	14
TAFLA 3.3	Vistgerðir innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis auk verndargildi vistgerða, skv. vistgerðaskrá Náttúrufræðistofnunar Íslands.	16
TAFLA 4.1	Niðurstöður framkvæmdaraðila.	29

1 INNGANGUR

Súluholt ehf. áætla stækkun á námu í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu sem nemur um 349.000 m³. Náman er staðsett í Flóahreppi, um 10 km suðaustur af Selfossi (mynd 1.1). Efnisvinnsla hefur farið fram á svæðinu og má áætla að þegar hafi verið unnið um 150.000 m³ af efni á um 12 ha svæði. Svæðið hefur jafnframt verið notað sem móttaka fyrir mold fyrir sveitarfélagið og nágrenni.

Náman hefur ekki farið í gegnum hefðbundið umhverfismatsferli og því nær fyrirspurn þessi til þeirrar efnisvinnslu sem áður hefur farið fram auk fyrirhugaðrar stækkunar. Þetta samsvarar um 499.000 m³ efnistöku og verður námusvæðið stækkað úr 12 ha í 16 ha. Mynd 1.1 sýnir landfræðilega staðsetningu námunnar og á mynd 1.2 má sjá framkvæmdarsvæðið, núverandi stöðu námuvinnslu og mörk fyrirhugaðrar stækkunar.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt tölulið 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Óska námuhafar hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort lýst framkvæmd sé matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.



MYND 1.1 Fyrirhuguð staðsetning framkvæmdar. Framkvæmdarsvæðið er merkt með rauðum hring.



MYND 1.2 Yfirlitsmynd af framkvæmdarsvæðinu. Afmörkun þess er gróflega merkt með rauðu og tekur mið af fyrirhugaðri stækkun.

2 FRAMKVÆMDIN OG FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

2.1 Helstu upplýsingar um framkvæmdina

Áætluð stækkun á námu Súluholts ehf. í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu mun fara fram innan þess 12 ha svæðis sem þegar hefur verið nýtt til efnistöku auk þess sem svæði Súluholtsnámu verður stækkað um 4 ha til suðurs og vesturs (sjá mynd 1.2). Áætluð efnistaka er um 349.000 m³ en nú þegar hafa um 150.000 m³ verið unnir úr námunni. Gert er ráð fyrir að magn þess efnis sem áætlað er að vinna skiptist til helminga á milli Súluholts og Súluholtshjáleigu.

Núverandi dýpt efnistökusvæðisins við Súluholtsnámu er áætluð um 5-6 metrar og er ekki gert ráð fyrir því að sú dýpt muni aukast. Áætlað er að við fulla vinnslu verði náma í landi Súluholtshjáleigu um 3-7 metra djúp.

2.2 Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið

Framkvæmdaraðili fyrir Súluholtsnámu er Súluholt ehf. og Victor Björgvin Victorsson fyrir Súluholtshjáleigu. Tilgangur framkvæmdarinnar er að halda áfram núverandi efnistöku á svæðinu til að mæta efnisþörf í vegagerð, vatnsvarnir og annað tilfallandi innan sveitarfélagsins og í nágrenni þess.

2.3 Helstu framkvæmdaþættir

Sprengdar verða klappir í námunni og efni ýmist keyrt burt óunnið eða mulið niður með mulningsvél. Efni sem þarf að mylja niður verður lagerað í námunni en annað efni verður keyrt í burtu jafnóðum og klappir eru sprengdar. Í Súluholtshjáleigu hefur til þessa verið sótt mól en efnið er þó að mestu búið í námunni. Eftir að malarefni klárast mun framkvæmdaraðili sprengja klöpp til efnistöku úr námunni.

Í námunni er fyllt á vinnuvélar með olíubíl sem kemur á hverjum morgni. Því er engin olía geymd í námunni og engin mannvirki eru innan námusvæðisins.

Umferð um námuna er nokkuð stöðug en þegar umsvif eru hvað mest eru um 10 bílar sem sækja efni úr námunni og fer hver þeirra um átta ferðir á dag. Unnið er fimm daga vikunnar.

Námurnar hafa verið nýttar til móttöku á mold fyrir sveitarfélagið. Mold hefur þá verið komið fyrir í þeim hlutum námunnar sem þegar hafa verið fullunnir. Sú móttaka mun halda áfram og efni nýtt til þess að ganga frá þeim hlutum námunnar þar sem efnisvinnsla er lokið.

2.4 Fyrri vinnsla

Efnisvinnsla hefur farið fram í áratugi á svæðinu. Í Súluholtsnámu hefur efni verið sótt til vegagerðar og fyllinga í meira en 80 ár og hefur Vegagerðin tekið mest af því efni. Efni hefur aðallega verið malarefni sótt úr setlögum og einnig úr klöpp sem liggur um svæðið. Fyrri starfsemi í Súluholtsnámu hefur til þessa verið malarnám og móttaka jarðefna frá Árborg. Ætla má að búið sé að vinna um 150.000 m³ á um 12 ha svæði. Þó er erfitt að segja nákvæmlega hversu mikið efni hefur verið unnið á svæðinu í ljósi þess að móttaka jarðefna hefur farið fram samhliða efnistöku og fyllt hefur verið í námuna að hluta til.

2.5 Framkvæmdaratími

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á haustmánuðum 2025 og efnistaka muni fara fram í 20 ár.

2.6 Staðsetning og staðhættir

Námusvæðið er staðsett í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu í Flóahreppi, um 10 km suðaustur af Selfossi. Svæðið einkennist af fyrri vinnslu og mótun lands vegna móttöku jarðefna. Nærumhverfi efnistökusvæðanna einkennist að miklu leyti af túnum. Sunnan og vestan við Súluholtsnámu, sem staðsett er sunnan Öundurholtsvegar, eru tún ræktuð á þurrlandi sem nýtt eru til slægna og beitar en norðan og austan svæðisins eru vegir. Vestan Súluholtshjáleigu, sem staðsett er norðan vegar er framræst landssvæði en norðan og norðaustan svæðisins er svæðið minna raskað. Um 300 metrum norðan Súluholtshjáleigu er svæði sem flokkað er sem lítt raskað votlendi.

Svæðið er á skilgreindu mikilvægu fuglasvæði, eins og allt Suðurlandsundirlendið. Að öðru leyti nýtur svæðið ekki verndar.


2.7 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir og aðrar opinberar stefnur

Í gildi er Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029 [1]. Á mynd 2.1 má sjá skjáskot úr aðalskipulagi en þar sést að skilgreint efnistökusvæði er sunnan vegar (E13). Í töflu 2.1 má sjá lýsingu og skilmála á landnotkun fyrirhugaðs efnistökusvæðis.

Ekki er skilgreint efnistökusvæði norðan vegar. Þörf er á uppfærðu aðalskipulagi sökum stækkunarinnar.

TAFLA 2.1 Upplýsingar og skilmálar um svæðið samkvæmt aðalskipulagi.

NR	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR	MAGN (M ³)
E13	Súluholt A	Setnáma í malarhjalla stærð allt að 25.000 m ² og efnismagn allt að 50.000 m ³ .	50.000



MYND 2.1 Skjástot úr aðalskipulagi Flóahrepps.

2.8 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Eftir atvikum getur framkvæmdin verið háð eftirfarandi leyfum:

- Sveitarfélagið Flóahreppur: Efnistaka er háð framkvæmdarleyfi sveitarfélagsins skv. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdarleyfi.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Starfsleyfi vegna starfseminnar skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.
- Minjastofnun Íslands: Finnist fornminjar við framkvæmdir eða verði nauðsynlegt að raska fornminjum á svæðinu þarf til samþykki Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR

3.1 Matsskylda framkvæmdar

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru metin samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt tölulið 2.02 í fyrsta viðauka laganna fellur framkvæmdin í flokk B og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Eftirfarandi töflur gefa yfirlit yfir hugtök sem notuð eru við mat á einkennum og vægi umhverfisáhrifa.

TAFLA 3.1 Skilgreiningar á einkennum umhverfisáhrifa.

EINKENNI ÁHRIFA	SKÝRING
Bein áhrif	Bein áhrif sem gera má ráð fyrir að framkvæmd muni hafa á tiltekna umhverfispætti.
Óbein áhrif	Áhrif á umhverfispætti sem ekki eru bein afleiðing framkvæmdar. Áhrifin geta komið fram í tiltekinni fjarlægð í tíma og/eða rúmi og verið afleiðing samspils mismunandi þátta sem þó má rekja til framkvæmdarinnar. Óbeinum áhrifum er einnig hægt að lýsa sem afleiddum áhrifum.
Jákvæð áhrif	Áhrifa framkvæmdar sem talin eru til bóta fyrir umhverfið á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau séu talin verða til bóta.
Neikvæð áhrif	Áhrif framkvæmdar sem talin eru skerða eða rýra gildi tiltekins eða tiltekinna umhverfisþátta á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski.
Varanleg áhrif	Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa til frambúðar á tiltekna umhverfispætti, þ.e. með tilliti til æviskeiðs núlifandi manna og komandi kynslóða.
Tímabundin áhrif	Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa tímabundið á tiltekna umhverfispætti, þ.e. í nokkrar vikur, mánuði eða ár.
Afturkræf áhrif	Áhrif framkvæmdar á tiltekna umhverfispætti, sem líta má á að séu þess eðlis að áhrifanna hætti að gæta eftir tiltekinn tíma og að raunhæft sé eða unnt að gera ráð fyrir að hægt sé að færa í sama eða svipað horf og áður en kom til framkvæmda. Gera verður ráð fyrir að áhrifin séu afturkræf á a.m.k. tímaskala núlifandi manna en afturkræf áhrif geta einnig verið háð því að ummerki séu fjarlægð innan ákveðins tíma, t.d. ef um er að ræða áhrif á lífríki.
Óafturkræf áhrif	Áhrif sem í eðli sínu fela í sér að tilteknir umhverfispættir verða fyrir varanlegri breytingu eða tjóni vegna framkvæmdar sem ekki er raunhæft eða unnt að afturkalla.
Samlegðaráhrif	Hér er hugtakið samlegðaráhrif bæði notað um svokölluð samvirk og sammögnuð áhrif, þ.e. um áhrif mismunandi þátta framkvæmdar sem hafa samanlagt tiltekin umhverfisáhrif eða sem jafnvel magnast upp yfir tiltekið tímabil. Þetta getur einnig varðað áhrif sem fleiri en ein framkvæmd hafa samanlagt eða sammagnað á tiltekinn umhverfisþátt eða tiltekið svæði.
Umtalsverð umhverfisáhrif	Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

TAFLA 3.2 Hugtök yfir vægi áhrifa sem stuðst er við þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda.

VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN	SKÝRING
Veruleg jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Nokkuð jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Nokkuð neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Veruleg neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin áhrif	Engin áhrif af framkvæmd eða áætlun á umhverfispátt/-þætti.
Óvissa	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.

TAFLA 3.3 Vistgerðir innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis auk verndargildi vistgerða, skv. vistgerðaskrá Náttúrufræðistofnunar Íslands.

VISTGERÐ	VERNDARGILDI	SAMNINGAR
Melar og sandlendi		
L1.2 Grasmelavist	Lágt	
Eyrrar		
L4.2 Auravist	Miðlungs	
Moslendi		
L5.2 Melagambavist	Miðlungs	
L5.3 Hraungambavist	Lágt	
Votlendi		
L8.13 Tjarnastaraflóavist	Mjög hátt	Bernarsamningur
L8.14 Gulstaraflóavist	Mjög hátt	Bernarsamningur
L8.9 Starungsmýravist	Mjög hátt	Bernarsamningur
Graslendi		
L9.4 Snarrótavist	Hátt	Bernarsamningur
L9.5 Grasengjavist	Hátt	Bernarsamningur
L9.6 Língresis- og vingulvist	Hátt	Bernarsamningur
Móllendi		
L10.10 Víðikjarrvist	Mjög hátt	Bernarsamningur
L10.2 Flagmóavist	Lágt	Bernarsamningur
L10.1 Mosamóavist	Lágt	
L10.3 Starmóavist	Miðlungs	
L10.4 Grasmóavist	Hátt	Bernarsamningur
L10.7 Lyngmóavist á hálendi	Hátt	
L10.8 Lyngmóavist á láglendi	Hátt	Bernarsamningur
Aðrar landgerðir		
L14.1 Þéttbýli og annað manngert land	-	
L14.2 Tún og akurlendi	-	

Efnistaka hefur þegar farið fram á stærstum hluta framkvæmdarsvæðisins og vistgerðum verið raskað. Fyrirhuguð stækkun námusvæðisins úr 12 ha í 16 ha tekur til svæðis sunnan og vestan við núverandi námusvæði Súluholtsnámu en það svæði er tún, þ.e. vistgerðin *tún og akurlendi*. Fyrirhuguð stækkun mun því ekki hafa áhrif á vistgerðir með verndargildi.

Eins og áður segir, þá hefur efnisvinnsla og móttaka efnis farið fram á framkvæmdarsvæðinu til margra ára. Á mynd 3.2 til mynd 3.5 má sjá hvernig núverandi staða svæðisins er.



MYND 3.2 Mynd tekin úr Súluholt snámu.



MYND 3.3 Mynd úr Súluholt snámu. Myndin horfir yfir svæði sem hefur verið fyllt í.



MYND 3.4 Mynd úr Súluholtsnámu. Horft er í klapparnámu.



MYND 3.5 Horft til norðurs yfir námusvæði í landi Súluholtshjáleigu.

Eins og komið hefur fram, þá er svæðið móttökustaður fyrir mold. Framkvæmdaraðili mun nýta moldina sem fellur til þess að ganga frá námunni. Við frekari frágang verður horft til þess að efsta lag sé hentugt til þess að svæðið nái upp gróðurþekju.

Eins og segir í kafla 2.6, þá er svæði vestan Súluholtshjáleigu flokkað sem lítt raskað votlendi. Framkvæmdaraðili telur að sökum fjarlægðar við votlendið, sé ólíklegt að framkvæmdin komi til með að hafa áhrif á það. Fyrri vinnsla hefur ekki haft áhrif á votlendið.

3.3.1 Niðurstaða

Vistgerðarkortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands gefur vísbendingar um að vistgerðir og gróðurfar hafi um tíma verið nokkuð fjölbreytt og á svæðinu verið vistgerðir með hátt verndargildi. Mikið rask hefur orðið á svæðinu og má því ætla að flestum gróðri og vistgerðum á svæðinu hafi verið raskað. Stækkun námusvæðisins nær yfir tún og mun því ekki hafa áhrif á vistgerðir með verndargildi. Framkvæmdaraðili mun forðast frekara rask á vistgerðum og gróðri, eins og kostur er. Framkvæmdaraðili telur að sú vinnsla sem áður hefur farið fram á svæðinu hafi haft nokkuð **neikvæð áhrif** á vistgerðir og gróðurfar. Áframhaldandi vinnsla á svæðinu kemur hins vegar til með að hafa **óveruleg áhrif** á umhverfispáttinn.

3.4 Fuglar

Framkvæmdarsvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis, *Suðurlandsundirlendið*. Svæðið nær frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði og er alls 340.000 ha að stærð. Svæðið er mikilvægt varpsvæði ýmissa vaðfugla, farfuglar dvelja þar í hópum vor og haust, auk þess sem fuglalíf er töluvert að vetri við auðar ár og vötn og á kornökum. *Suðurlandsundirlendið* hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima, álft, og skúm og á fartíma fyrir álft, heiðagæs, blesgæs og grágæs [3].

Eins og myndir í kafla 3.3 gefa til kynna, þá hefur mikið rask átt sér stað á svæðinu sem gerir það að verkum að svæðið hentar illa sem búsvæði fyrir flesta fugla. Framkvæmdaraðili hefur þó orðið var við fuglalíf á svæðinu. Á núverandi námusvæði hefur einkum orðið vart við tjald og maríuerlu en báðar tegundir hafa nýtt svæðið til varps og hvíldar. Þá hefur rjúpa einnig verpt á svæðinu en þá aðallega á því svæði sem hefur verið grætt upp. Nokkuð hefur sést af óðinshana í námunni og heldur hann til á því svæði þar sem vatnssöfnun er hvað mest.

Á túnnum er að finna álft og gæs. Þá er auk þess nokkuð um mófugla á svæðinu og má þar m.a. nefna jaðrakan, stelk og lóu. Líklegt er að mófuglar nýti túnin og nærumhverfi svæðisins til varps, hvíldar og fæðuöflunar.

Fyllt verður í námusvæðin með mold sem leiðir með tímanum til þess að svæðið grær upp og mun því hentað betur fyrir fuglalíf heldur en það gerir í dag.


3.4.1 Niðurstaða

Framkvæmdaraðili hefur orðið var við fuglategundir, bæði á námusvæðunum sjálfum og í nærumhverfi þeirra. Líklegt er að þær tegundir sem þegar eru á svæðinu muni verða fyrir óbeinum áhrifum vegna truflana á vinnslutíma. Jafnframt telur framkvæmdaraðili að tegundir sem hafa verið í námunni til þessa muni halda áfram að nýta svæðið eins og áður hefur verið eða færi sig um set.

Svæðið er nú þegar mikið raskað og hentar illa fyrir flestar tegundir fugla. Framkvæmdaraðili telur að áhrif fyrri vinnslu hafi haft nokkuð **neikvæð áhrif** á fuglalíf en frekari efnisvinnsla er talin hafa **óveruleg áhrif** á umhverfispáttinn. Jafnframt telur framkvæmdaraðili að með því að halda áfram að taka við mold og græða upp svæðið, sé mögulegt að búa til svæði sem henta fuglalífi betur.

3.5 Jarðmyndanir

Samkvæmt jarðfræðikortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, þá einkennist berggrunnur framkvæmdarsvæðisins af eldra grágrýti frá síð-plíósen og fyrri hluta ísaldar. Áætlaður aldur berggrunnsins er um 0,8-3,3 milljón ára [4]. Framkvæmdarsvæðið er á mörkum þess að vera innan nútímahraunsins *Þjórsárhraun* sem á uppruna sinn úr Bárðarbungu og áætlað vera um 8.600 ára gamalt [5]. Megin hraunið rann vestan við Hróarsholt og Súluholt. Á mynd 3.7 má sjá námusvæðin og nútímahraunið, samkvæmt jarðfræðikortlagningu NÍ [4]. Nútímahraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd en eins og myndin sýnir þá er fyrirhuguð efnistaka ekki innan svæða sem njóta verndar. Kortið byggir á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands en vert taka fram að gögnin gefa einungis grófa mynd af útbreiðslu hraunsins en það nær að sögn landeiganda ekki eins nálægt námusvæðinu og sýnt er á mynd 3.6.



MYND 3.6 Útbreiðsla nútímahrauns og útmörk framkvæmdarsvæðis. Nútímahraun er táknað með gulri möskvaðekju en útmörk námusvæðis með rauðum línun.

3.5.1 Niðurstaða

Jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði munu koma til með að verða fyrir beinu og varanlegu raski á framkvæmdartíma. Ljóst er að í nágrenni framkvæmdarsvæðisins er nútímahraun sem nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd en námusvæðið er þó ekki innan þess svæðis. Framkvæmdarsvæðið er að miklu leyti raskað og neikvæð áhrif á umhverfispáttinn að mestu komin fram. Jafnframt má benda á að í flestum tilfellum eru áhrif á jarðmyndanir minni við stækkun núverandi efnistökusvæða en þegar ný svæði eru tekin undir vinnslu. Á það einkum við í þessu tilfalli þar sem framkvæmdaraðili hyggst aðallega vinna efni innan núverandi efnistökusvæðis. Áhrif framkvæmdar á umhverfispáttinn verða varanleg og óafturkræf. Í ljósi þess að jarðmyndanir á áhrifasvæði framkvæmdar hafa ekki hátt verndargildi og eru nú þegar að mestu raskaðar telur framkvæmdaraðili að áhrif á umhverfispáttinn séu **óveruleg**.

3.6 Fornminjar

Engar fornminjar er að finna á svæðinu samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins né vefsja Minjastofnunar Íslands [6].

Í þessu sambandi er rétt að minna á ákvæði 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem segir að ef fornminjar finnast sem áður voru ókunnar, skuli skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjarnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum og óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Framkvæmdaraðili er kunnugt um þetta ákvæði.

3.6.1 Niðurstaða

Efnistökusvæðið er að mestu leyti raskað nú þegar. Ekki eru heimildir um menningarminjar á svæðinu en ætla má að þeim hafi þegar verið raskað ef einhverjar voru. Framkvæmdaraðili telur að áframhaldandi vinnsla á svæðinu **muni ekki hafa áhrif á fornminjar**.

3.7 Ásýnd, landslag og núverandi landnotkun

Svæðið einkennist af landbúnaði, framræstum túnum og dreifðri byggð. Það er flatlent og sjónlengdir langar. Samkvæmt landsgerðaflokkun sem unnin var á landsvísu árið 2020 [7] þá flokkast framkvæmdarsvæðið undir landslagsgerð 7.1, *graslendar sléttur við strendur*. Enn frekar er svæðið flokkað sem svæði 7.1.7 *Suðurlandsundirlendið*, en um svæðið segir:

Víðáttumikið láglent svæði við suðurströnd landsins. Land nær frá strönd upp í um 100 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er vel gróið, mest graslendi, ræktað land eða votlendi. Nokkrar stórar ár renna til sjávar á svæðinu. Má þar helst nefna Þjórsá og Ölfusá. Byggð er þétt í dreifbýli, auk þess sem þónokkrir misstórir þéttbýlisstaðir eru innan svæðis, bæði við ströndina og innar í

landi. Selfoss er þeirra fjölmennastur. Mikill landbúnaður er stundaður á svæðinu og hefur land verið ræst fram og girt af.

Framkvæmdarsvæðið er nú þegar raskað vegna fyrri efnistöku. Framkvæmdin fellst að mestu í dýpkun á núverandi námu (myndir 3.8 og 3.9). Náman er staðsett beggja vegna Önundarholtsvegar og er sýnileg frá veginum þegar ekið er framhjá (mynd 3.7). Vegna þess hve flatlent er á svæðinu er sýnileiki námunnar takmarkaður við næsta nágrenni hennar. Áfram er gert ráð fyrir móttöku á jarðefnum samhliða efnistöku og því má gera ráð fyrir að fyllt verði að hluta til í þau svæði námunnar þar sem efni hefur verið fullunnið.



MYND 3.7 Horft til vesturs frá Önundarholtsvegi. Beggja vegna vegar sjást núverandi efnistökusvæði.



MYND 3.8 Náma í landi Súluholtshjáleigu, horft til austurs.



MYND 3.9 Klapparnám í landi Súlulholts.



MYND 3.10 Svæði sem þegar hefur verið fullunnið í landi Súlulholtshjáleigu og gert er ráð fyrir að verði fyllt upp í með jarðefnum. Horft frá Öndarholtsvegi til vesturs.

3.7.1 Niðurstaða

Stækkun náunnar er að mestu innan svæðis sem þegar er raskað og verður ekki áberandi í landslaginu. Að teknu tillit til þessa telur framkvæmdaraðili að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásynd vera **óveruleg**. Jafnframt telur framkvæmdaraðili að áframhaldandi vinnsla á svæðinu muni hafa **óveruleg** áhrif á landnotkun. Svæðið hefur verið nýtt til efnistöku og sem móttökustaður fyrir mold til margra ára og mun það ekki breytast. Hluti svæðisins er tún en í ljósi þess að einungis um lítinn hluta af annars stóru túnlendi, er að ræða, þá er raskið talið hafa hverfandi áhrif á landnotkun á svæðinu.

3.8 Samgöngur og umferð

Framkvæmdarsvæðið stendur við Öndarholtsveg (311-01). Samkvæmt vefsíðu Vegagerðarinnar var meðalumferð á dag yfir árið (ársdagsumferð, ÁDU) um 80 bílar árið 2024 á við svæðið, meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september (sumardagsumferð, SDU) var 95 bílar og meðalumferð á

dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember (vetrardagsumferð, VDU) var 67 bílar. Gera má ráð fyrir því að umferð frá námunni muni fara með Önundarholtsvegi til vesturs að Gulverjabæjarvegi (33-01) eða til austurs að Villingaholtsvegi (305-01). Við Gaulverjabæjarveg var ÁDU 560 bílar, SDU 660 bílar og VDU 470 bílar árið 2024. Við Villingaholtsveg var ÁDU 350 bílar, SDU 410 bílar og VDU 295 bílar sama ár [8]. Umferðarpungi telst frekar lítil á næstu vegum við framkvæmdarsvæðið.

Eins og komið hefur fram eru um 10 bílar að sækja efni úr námunni þegar umsvif eru hvað mest og er hver bíll að fara um átta ferðir á dag. Gatnamótin milli Önundarholtsvegar og Gaulverjabæjarvegar og Villingaholtsvegar eru auðsjáanleg úr öllum áttum og því ólíklegt að hættuástand myndist vegna umferðar þungaflutningabifreiða um gatnamótin. Vegir eru eðlilegir m.t.t. breiddar og ekki erfitt fyrir flutningsbíla að mæta hvorum öðrum, eða öðrum bílum, á veginum. Umferð flutningabíla verður þó hagað með þeim hætti að þeir mætist síður við gatnamótin. Ekki er gert ráð fyrir að þörf sé á því að styrkja vegi en þörf er á nýjum vegi inn á það svæði sem til stendur að stækka.

Nú þegar eru vegir inn á námusvæðin og því ekki þörf á nýjum. Framkvæmdaraðili mun tryggja öryggi vegfarenda eins og áður hefur verið gert. Þegar þurrt er í veðri hefur vegurinn verið vökvaður rykbindingar.

Ekki er gert ráð fyrir aukningu umferðar við fyrirhugaða efnistöku í námusvæðinu. Að því sögðu skal horft til þess að núverandi umferð frá námusvæðinu er inni í þeim umferðartölum sem hér hafa verið birtar.

3.8.1 Niðurstaða

Fyrirhuguð stækkun mun ekki hafa í för með sér breytingar á núverandi umferð á svæðinu. Framkvæmdaraðili telur því að áhrif framkvæmdarinnar séu **óveruleg**.

3.9 Vatnshlot


Eitt vatnshlot er skilgreint í og við framkvæmdarsvæðið. Það er grunnvatnshlotið *Villingaholt* (103-251-G). Flatarmál grunnvatnshlotsins er 73,4 km². Umhverfismarkmið vatnshlotsins eru að magnstaða og efnafræðileg staða þess séu góð. Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er óþekkt. Ekkert álag er skráð á vatnshlotið [9].

Á mynd 3.11 er skjáskot úr vatnavefsjá sem sýnir vatnshlotið. Framkvæmdarsvæðið er gróflega merkt með rauðum hring.



MYND 3.11 Útmörk grunnvatnshlotsins *Villingaholt*. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er gróflega merkt inn á myndina með rauðum hring. Myndin er skjáskot úr Vatnavefsjá [9].

Til að meta hvort framkvæmdin kunni að hafa áhrif á vatnshlotið, er leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar fylgt um hvernig beri að framkvæma slíkt mat [10]. Mynd 3.12 sýnir hvernig mat á áhrifum framkvæmdar á vatnshlot fer fram og hvaða skrefum skal fylgja.



MYND 3.12 Yfirlit yfir þau skref sem þarf að fylgja við mat á áhrifum framkvæmdar/starfsemi á vatnshlot. Sótt úr leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um áhrifamat fyrir vatnshlot [10].

1. Skimun - *Í þessu fyrsta skrefi er skoðað hvort að framkvæmd/starfsemi hefur áhrif á vatnshlot.*

Helsta hættan sem vatnshlotinu stafar af framkvæmdinni er ef til efnamengunar kemur. Engar olíugeymslur né mannvirki verða á svæðinu og engin mengandi efni geymd í námunum. Ekki hefur komið til mengunar sökum fyrri framkvæmda og er ekki talið að áframhaldandi efnistaka komi til með að hafa frekari mengun í för með sér.

Stórvirkar vinnuvélar munu starfa á svæðinu sem ganga fyrir olíu. Við meðhöndlun þeirra getur komið upp smávægilegur olíuleki frá vél eða við áfyllingu. Verktaki starfar undir gæðakerfi þar sem farið er yfir vélar áður en þær eru fluttar á staðinn til að tryggja að ekki sé leki né smit á vélinni, auk þess sem vélamenn kíkja á slíkt daglega. Komi upp smit eða leki á vinnuvél eru verkstæðismenn kallaðir til. Verði smávægilegur leki í umhverfið er efninu sem verður fyrir olíumengun mokað í fötur (lítill leki) eða á fjögurra öxla vörubíl (stór leki) og því fargað samdægurs á viðurkenndan hátt. Verði stórvægilegur leki þar sem stórt svæði raskast er um að ræða mengunarslys sem tilkynnt er til 112 og slökkviliðið ræst út. Starfsmenn fyrirbyggja verulegt mengunarslys með gerð varnargarða og er olían söguð upp í samráði við slökkvilið til að minnka áhættuna á að olían fari í grunnvatnið.

Líkurnar á smávægilegum leka frá vél eru hluti af rekstri námu. Líkurnar á verulegu mengunarslysi eru hverfandi þar sem ekki er geymd olía á svæðinu.

Ekki er talin þörf á frekara mati á áhrifum á grunnvatnshlotið.

3.9.1 Niðurstaða

Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin komi til með að hafa **óveruleg áhrif** á umhverfisþáttinn. Framkvæmdin er ekki til þess fallin að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

4 SAMANTEKT

Tafla 4.1 sýnir samantekt á mati framkvæmdaraðila á áhrifum framkvæmdarinnar á þá umhverfispætti sem voru til umfjöllunar í þessari matsskyldufyrirspurn.

TAFLA 4.1 Niðurstöður framkvæmdaraðila.

UMHVERFISÞÁTTUR	NIÐURSTÖÐUR
Vistgerðir og gróðurfar	Vistgerðarkortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands gefur vísbendingar um að vistgerðir og gróðurfar hafi um tíma verið nokkuð fjölbreytt og á svæðinu verið vistgerðir með hátt verndargildi. Mikið rask hefur orðið á svæðinu og má því ætla að flestum gróðri og vistgerðum á svæðinu hafi verið raskað. Stækkun námusvæðisins nær yfir tún og mun því ekki hafa áhrif á vistgerðir með verndargildi. Framkvæmdaraðili mun forðast frekara rask á vistgerðum og gróðri, eins og kostur er. Framkvæmdaraðili telur að sú vinnsla sem áður hefur farið fram á svæðinu hafi haft nokkuð neikvæð áhrif á vistgerðir og gróðurfar. Áframhaldandi vinnsla á svæðinu kemur hins vegar til með að hafa óveruleg áhrif á umhverfispáttinn.
Fuglar	Framkvæmdaraðili hefur orðið var við fuglategundir, bæði á námusvæðunum sjálfum og í nærumhverfi þeirra. Líklegt er að þær tegundir sem þegar eru á svæðinu muni verða fyrir óbeinum áhrifum vegna truflana. Jafnframt telur framkvæmdaraðili að tegundir sem hafa verið í námunni til þessa muni halda áfram að nýta svæðið eins og áður hefur verið eða færa sig um set. Svæðið er nú þegar mikið raskað og hentar illa fyrir flestar tegundir fugla. Framkvæmdaraðili telur að áhrif fyrri vinnslu hafi haft nokkuð neikvæð áhrif á fuglalíf en frekari efnisvinnsla er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfispáttinn. Jafnframt telur framkvæmdaraðili að með því að halda áfram að taka við mold og græða upp svæðið, sé mögulegt að búa til svæði sem henta fuglalífi betur.
Jarðmyndanir	Jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði munu koma til með að verða fyrir beinu og varanlegu raski á framkvæmdartíma. Ljóst er að í nágrenni framkvæmdarsvæðisins er nútímahraun sem nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd en námusvæðið er þó ekki innan þess svæðis. Framkvæmdarsvæðið er að miklu leyti raskað og neikvæð áhrif á umhverfispáttinn að mestu komin fram. Jafnframt má benda á að í flestum tilfellum eru áhrif á jarðmyndanir minni við stækkun núverandi efnistökusvæða en þegar ný svæði eru tekin undir vinnslu. Á það einkum við í þessu tilfelli þar sem framkvæmdaraðili hyggst aðallega vinna efni innan núverandi efnistökusvæðis. Áhrif á umhverfispáttinn eru talin óveruleg .
Fornminjar	Efnistökusvæðið er að mestu leyti raskað nú þegar. Ekki eru heimildir um menningarminjar á svæðinu en ætla má að þeim hafi þegar verið raskað ef einhverjar voru. Framkvæmdaraðili telur að áframhaldandi vinnsla á svæðinu muni ekki hafa áhrif á fornminjar.
Landslag, ásýnd og landnotkun	Stækkun námunnar er að mestu innan svæðis sem þegar er raskað og verður ekki áberandi í landslaginu. Að teknu tillit til þessa telur framkvæmdaraðili að áhrif

UMHVERFISÞÁTTUR	NIÐURSTÖÐUR
	framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd vera óveruleg . Jafnframt telur framkvæmdaraðili að áframhaldandi vinnsla á svæðinu muni hafa óveruleg áhrif á landnotkun. Svæðið hefur verið nýtt til efnistöku og sem móttökustaður fyrir mold til margra ára og mun það ekki breytast. Hluti svæðisins er tún en í ljósi þess að einungis um lítinn hluta af annars stóru túnlendi, er að ræða, þá er raskið talið hafa hverfandi áhrif á landnotkun á svæðinu.
Samgöngur og umferð	Fyrirhuguð stækkun mun ekki hafa í för með sér breytingar á núverandi umferð á svæðinu. Framkvæmdaraðili telur því að áhrif framkvæmdarinnar séu óveruleg .
Vatnshlot	Framkvæmdasvæðið er innan grunnvatnshlotsins <i>Villingaholt</i> . Framkvæmdin er ekki til þess fallin að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum og er það mat framkvæmdaraðila að framkvæmdin komi til með að hafa óveruleg áhrif á umhverfisþáttinn.

Í þessu ferli mun Skipulagsstofnun úrskurða um það hvort að framkvæmdin sé háð fullu mati á umhverfisáhrifum. Skv. 18. gr. laga nr. 111/2021 skulu framkvæmdir gangast undir umhverfismat „þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif“. Framkvæmdaraðili telur að slíkt eigi ekki við um þessa framkvæmd, henni fylgja ekki slík umtalsverð umhverfisáhrif.

5 HEIMILDARSKRÁ

- [1] „Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029,“ 2016. [Á neti]. Available: <https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=12636802112306974868>.
- [2] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Vistgerðir - land: 3. útg. Kortasjá,“ mars 2024.
- [3] Náttúrufræðistofnun, „Mikilvæg fuglasvæði, Suðurlandsundirlendið“.
- [4] Náttúrufræðistofnun, „4. útg. Jarðfræði Íslands. <http://jardfraedikort.ni.is> [skoðað 29.9.2025],“ 2025.
- [5] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Jarfræði Íslands,“ 2025. [Á neti]. Available: <https://jardfraedikort.ni.is/>.
- [6] Minjastofnun Íslands, „Vefsjá,“ 2025. [Á neti]. Available: <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>.
- [7] Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae, Sam Oxley, „Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á Íslandi,“ EFLA, Reykjavík, 2020.
- [8] Vegagerðin, „Umferðartölur á korti, kortasjá“.

- [9] Umhverfis- og orkustofnun, „Stjórn Vatnamála - Vatnavefsjá - Villingaholt,“ 2025. [Á neti]. Available: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-251-G>.
- [10] Umhverfisstofnun, „Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot,“ 2024. [Á neti]. Available: http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0beiningar%20um%20c3%a1hrifamat%20fyrir%20vatnshlot_%c3%9atg.1_Dember%202024.pdf.